



Áhættustefna 2022

LÍFSVERK lífeyrissjóður

EFNISYFIRLIT

1	SKILGREINING Á ÁHÆTTU OG SKIPULAG	4
1.1.1	INNANGUR	4
1.2	ÁHÆTTUFLOKKAR	4
1.3	ÁBYRGÐARÆÐILAR	5
1.4	SKIPULAG ÁHÆTTUSTÝRINGAR	5
1.4.1	STJÓRN	5
1.4.2	FRAMKVÆMDASTJÓRI	6
1.4.3	STARFSSVIÐ ÁHÆTTUSTÝRINGAR	6
1.4.4	ÁBYRGÐAMAÐUR ÁHÆTTUSTÝRINGAR	6
1.4.5	FORSTÖÐUMAÐUR EIGNASTÝRINGAR	7
1.4.6	FJÁRMÁLASTJÓRI	7
1.4.7	VERÐBRÉFASKRÁNING	7
1.4.8	ENDURSKOÐUNARNEFND	7
1.4.9	INNRI ENDURSKOÐANDI	7
1.4.10	YTRI ENDURSKOÐANDI	7
1.4.11	TRYGGINGASTÆRÐFRÆÐINGUR	7
1.4.12	NÁNARA SKIPULAG	8
1.5	MIKILVÆGI ÁHÆTTUSTÝRINGAR	8
1.6	SAMSPIL ÁHÆTTUSTEFNU OG FJÁRFESTINGARSTEFNU	8
1.7	ÁHÆTTUVILJI OG ÁHÆTTUÞOL	9
1.8	EIGIÐ ÁHÆTTUMAT OG ENDURSKOÐUN STEFNU	10
1.9	BROT Á STEFNU	10
2	ÁHÆTTUÞÆTTIR	11
2.1	VÆGI ÁHÆTTUÞÁTTA	11
2.2	LÍFEYRISTRYGGINGARÁHÆTTA	11
2.2.1	SKERÐINGAÁHÆTTA	11
2.2.2	IÐGJALDAÁHÆTTA	12
2.2.3	UMHVERFISÁHÆTTA	12
2.2.4	LÝÐFRÆÐILEG ÁHÆTTA	12
2.2.5	RÉTTINDAFLUTNINGSÁHÆTTA	13
2.3	LAUSAFJÁRÁHÆTTA	13
2.3.1	SELJANLEIKAÁHÆTTA	13
2.3.2	ÚTSTREYMISÁHÆTTA	13
2.4	MÓTAÐILAÁHÆTTA	14

2.4.1	ÚTLÁNAÁHÆTTA	14
2.4.2	SAMÞJÖPPUNARÁHÆTTA	14
2.4.3	LANDSÁHÆTTA	14
2.4.4	AFHENDINGAR- OG UPPGJÖRSÁHÆTTA	15
2.5	FJÁRHAGSLEG ÁHÆTTA	15
2.5.1	VAXTA- OG ENDURFJÁRFESTINGAÁHÆTTA	15
2.5.2	UPPGREIÐSLUÁHÆTTA	16
2.5.3	MARKAÐSÁHÆTTA	16
2.5.4	GJALDMIBLAÁHÆTTA	16
2.5.5	ÓSAMRÆMISÁHÆTTA (Á EINGÖNGU VIÐ UM SAMTRYGGINGARDEILD)	17
2.5.6	VERÐBÓLGUÁHÆTTA	17
2.5.7	ÁHÆTTA VEGNA SKULDBINDINGA UTAN EFNAHAGSREIKNINGS	17
2.6	REKSTRARÁHÆTTA	18
2.6.1	STARFSMANNAÁHÆTTA	18
2.6.2	HLÍTINGARÁHÆTTA	18
2.6.3	ÁHÆTTA VEGNA SVIKA	18
2.6.4	ÁHÆTTA VEGNA UPPLÝSINGATÆKNI	19
2.6.5	ORÐSPORSÁHÆTTA	20
2.6.6	PÓLÍTÍSK ÁHÆTTA / LÖG OG REGLUR	20
2.6.7	SKJALAÁHÆTTA	20
2.6.8	ÚRSKURÐARÁHÆTTA LÍFEYRIS (Á EINGÖNGU VIÐ UM SAMTRYGGINGARDEILD)	20
2.6.9	ÁHÆTTA VEGNA ÚTVISTUNAR	21
2.6.10	UPPLÝSINGAÁHÆTTA	22
3	<u>FRAMKVÆMD ÁHÆTTUSTÝRINGARSTEFNU</u>	23
3.1	FYRIRBYGGJANDI OG VIRK ÁHÆTTUSTÝRING	23
3.2	ÁHÆTTUSKRÁ OG ÁHÆTTUDAGSKRÁ	23
3.3	SKÝRSLUGJÖF	23
3.4	HLÍTINGARSKRÁ	24
	<u>UNDIRRITUN STJÓRNAR</u>	25

1 SKILGREINING Á ÁHÆTTU OG SKIPULAG

1.1.1 INNGANGUR

Áhættustefna Lífsverks er sett í samræmi við reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Áhættustefnan er sett af stjórn og er ætlað að lýsa umgjörð áhættustýringar sjóðsins sem og skilgreina áhættuvilja og áhættuþol stjórnar. Áhættustefnan nær yfir alla starfsemi sjóðisins en ekki til félaga í eigu hans.

Tilgangurinn með áhættustefnu sjóðsins er að skilgreina skipulag, umsjón og ábyrgð er varðar framkvæmd áhættustýringar, að skilgreina þá áhættuþætti sem sjóðurinn vill fylgjast með og jafnframt að skilgreina hvernig fylgst verður með þessum áhættuþáttum. Einnig er gerð áhættuskrá/áhættudagskrá sem fer yfir alla áhættuþætti, hvar og hvernig þeir eru mældir og flokkar þá eftir mikilvægi. Saman ná áhættustefna þessi og fjárfestingastefna sjóðsins yfir bæði áhættustefnu í skilningi 3.gr. og áhættustýringarstefnu í skilningi 5.gr. reglugerðar nr. 590/2017. Áhættustefna tekur bæði til samtryggingardeildar og séreignar- og tilgreindrar séreignardeildar sjóðsins.

Við gerð áhættustefnunnar var horft til mikilvægis og einfaldleikinn í hávegum hafður. Lögð var áhersla á að hægt sé að framfylgja henni með raunhæfum hætti í daglegu starfi. Í 8.gr. reglugerðar nr. 590/2017 kemur fram að við heildar áhættustýringu hvers sjóðs þarf að taka tillit til stærðar, mannafla og einkenna við mat á hæfilegu umfangi áhættustýringar. Áfram verður hugað að mikilvægi og samspili einstakra þátta í stefnunni og með hvaða hætti best er að haga áhættustýringu sjóðsins. Hafa skal í huga að ólíklegt er að hægt sé að tiltaka allar áhættur sem upp kunna að koma.

1.2 ÁHÆTTUFLOKKAR

Áhætta er skilgreind sem hætta á atburði sem dregur úr líkunum á því að lífeyrissjóðurinn nái markmiðum sínum, en meginmarkmið samtryggingardeildar er að greiða lífeyri samkvæmt samþykktum.

Áhætta samtryggingardeildar er því öll þau atvik er geta marktækt haft áhrif á getu lífeyrissjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar, þ.e. að tryggingafræðileg staða verði neikvæð til skemmri eða lengri tíma, samanber 2. mgr. 39. laga nr. 129/1997. Áhættan nær bæði til atvika er lúta að eignum og skuldbindingum á meðan áhætta séreignadeilda snýr aðeins að eignum þeirra

Lífeyrissjóðurinn skiptir áhættuþáttum í fimm megin flokka þ.e. fjárhagslega áhættu, lausafjáráhættu, mótaðilaáhættu, lífeyristryggingaráhættu og rekstraráhættu. Lífeyristryggingaráhætta á þó ekki við í séreignadeildum. Þessum þáttur er svo skipt í 28 undirliði en nánar er fjallað um hvern lið í kafla 2:

Lífeyristryggingaráhætta (á ekki við um séreign)

- Skerðingaráhætta
- Iðgjaldaáhætta
- Umhverfisáhætta
- Lýðfræðileg áhætta
- Réttindaflutningsáhætta

Lausafjáraáætta

- Seljanleikaáætta
- Útstreymisáætta

Mótaðilaáætta

- Útlánaáætta
- Samþjöppunaráætta
- Landsáætta
- Afhendingaráætta
- Uppgjörsáætta

Fjárhagsleg áætta

- Vaxta og endurfjárfestingaáætta
- Uppgreiðsluáætta
- Markaðsáætta
- Gjaldmiðlaáætta
- Ósamræmisáætta (á ekki við um séreign)
- Verðbólguáætta
- Áætta vegna skuldbindinga utan efnahagsreiknings

Rekstraráætta

- Starfsmannaáætta
- Hlítingaráætta
- Áætta vegna svika
- Áætta vegna upplýsingatækni
- Orðsporsáætta
- Pólitísk áætta / lög og reglur
- Skjalaáætta
- Úrskurðaráætta lífeyris
- Áætta vegna útvistunar
- Upplýsingaáætta

Nánar er fjallað um hvern áhættuflokk í kafla 2.

1.3 ÁBYRGÐARAÐILAR

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á mótun og setningu stefnunnar og framkvæmdastjóri ber ábyrgð á framkvæmd stefnunnar. Breytingar á henni skal leggja fyrir stjórn sjóðsins til samþykktar. Áhættustefnan nær yfir starfsemi sjóðsins, en ekki félaga og/eða fyrirtækja í eigu sjóðsins.

1.4 SKIPULAG ÁHÆTTUSTÝRINGAR

1.4.1 STJÓRN

Stjórn lífeyrissjóðs gerir sér grein fyrir þeirri áhættu sem fylgir starfsemi sjóðsins og ber ábyrgð á að móta tryggt eftirlitskerfi með starfseminni. Stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs skulu stuðla að góðum stjórnarháttum og leggja áherslu á mikilvægi áhættustýringar og innra eftirlits innan lífeyrissjóðs.

Stjórn setur áhættustefnu og samþykkir allar breytingar á henni. Stjórn fær reglulega samantektir yfir starfsemi og áhættu sjóðsins skv. viðauka 2 til að fylgjast með áhættu sjóðsins og meta árangur af gildandi áhættustefnu.

1.4.2 FRAMKVÆMDASTJÓRI

Framkvæmdastjóri starfar í umboði stjórnar og ber ábyrgð á framkvæmd áhættustýringar. Framkvæmdastjóri ber að afhenda stjórn með reglubundnum hætti þær samantektir sem við eiga sbr. viðauka 2 og 4. Framkvæmdastjóri skal kynna áhættustefnu fyrir starfsfólki sjóðsins og ber ábyrgð á að stjórnun áhættuþátta sé í samræmi við áhættustefnuna.

1.4.3 STARFSSVIÐ ÁHÆTTUSTÝRINGAR

Starfssvið áhættustýringar hefur umsjón með framkvæmd áhættustefnu og áhættustýringar. Í því felst m.a. að:

- sjá um að viðeigandi skýrslur séu unnar og þeim miðlað til réttara aðila,
- sinna áhættugreiningu og áhættueftirliti að því marki sem því er ekki útvistað til þriðja aðila,
- annast samskipti og hafa eftirlit með verkefnum útvistunaraðila,
- vinna tillögur að endurskoðun áhættustefnu.

Í samræmi við áhættustefnu skal starfssvið áhættustýringar framkvæma sjálft, eða fá til þess viðeigandi aðila, sjálfstæðar úttektir og aðgerðir vegna áhættueftirlits. Í störfum sínum hefur sviðið virkt samstarf við aðra starfsmenn sjóðsins eftir því sem við á.

Ábyrgðarmaður áhættustýringar skal sjá um að áhættueftirlit sé skilvirkt, rekjanlegt og gögn vistuð með tilhlýðilegum hætti. Hann skal sýna frumkvæði í þróun áhættustefnu og áhættustýringar sjóðsins.

Starfssvið áhættustýringar heyrir undir framkvæmdastjóra og er sjálfstætt og óháð öðrum starfseiningum. Reynt er að tryggja aðgreiningu þeirra sem greina, mæla og gera skýrslu um áhættu í starfsemi sjóðsins og þeirra sem taka áhættu með ákvörðunum sínum.

1.4.4 ÁBYRGÐAMAÐUR ÁHÆTTUSTÝRINGAR

Ábyrgðarmaður áhættustýringar heyrir undir framkvæmdastjóra og ber ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu. Hann skal kynna niðurstöður sínar reglulega fyrir stjórn og notast sjóðurinn við ársfjórðungslegar skýrslur til þess. Einnig ber hann ábyrgð á reglulegum skýrslum til FME um áhættustýringu s.s. sundurliðun eigna. Hann er skilgreindur sem lykilstarfsmaður.

1.4.5 FORSTÖÐUMAÐUR EIGNASTÝRINGAR

Forstöðumaður eignastýringar heyrir undir framkvæmdastjóra og ber ábyrgð á daglegum rekstri eignastýringar, tekur þátt í mótun fjárfestingarstefnu, og kemur að framkvæmd einstakra þátta áhættustefnunnar. Hann er skilgreindur sem lykilstarfsmaður.

1.4.6 FJÁRMÁLASTJÓRI

Fjármálastjóri heyrir undir framkvæmdastjóra. Fjármálastjóri ber m.a. ábyrgð á veitingu sjóðfélagalána, lífeyrisúrskurðum, upplýsingamálum sjóðsins, afstemmingum og bókhaldi m.a. vegna iðgjalda og réttinda, og sér um gerð árshlutauppgjors og ársuppgjors. Fjármálastjóri sér um að viðhalda og þróa skráða verkferla. Hann er skilgreindur sem lykilstarfsmaður.

1.4.7 VERÐBRÉFASKRÁNING

Starfsmaður í verðbréfaskráningu ber ábyrgð á skýrslugjöf og uppgjori viðskipta, þar með talið afhendingu og móttöku fjármuna, og verðbréfa. Þannig er tryggt að uppgjör viðskipta séu aðskilin frá áhættueftirliti. Hann heyrir undir framkvæmdastjóra.

1.4.8 ENDURSKOÐUNARNEFND

Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits sjóðsins ásamt innri endurskoðanda og fylgir eftir úrbótum á annmörkum sem fram koma við innri endurskoðun. Einnig setur nefndin fram tillögu til stjórnar um val á innri og ytri endurskoðanda og endurskoðunarfyrirtæki.

1.4.9 INNRI ENDURSKOÐANDI

Innri endurskoðandi er ráðinn af stjórn og hluti af eftirlitsaðgerðum hans nær til kannana á skipulagi og virkni heildaráhættustýringar, réttmætis áhættumats, mats á verkferlum og skýrslugjafar til stjórnar.

1.4.10 YTRI ENDURSKOÐANDI


Ytri endurskoðandi er kjörinn á aðalfundi sjóðsins. Hann starfar í samræmi við starfsskyldur ytri endurskoðenda. Hlutverk ytri endurskoðanda fellur ekki með beinum hætti undir skipulag áhættustýringar.

1.4.11 TRYGGINGASTÆRÐFRÆÐINGUR

Tryggingastærðfræðingur sjóðsins ber ábyrgð á gerð árlegrar tryggingafræðilegrar athugunar, sbr. 24. gr. laga nr. 129/1997, í samræmi við 39. gr. sömu laga og framkvæmir árlegt álagspróf sem skila ber til FME. Hann skilar skýrslu til stjórnar um niðurstöður sínar og er henni til ráðgjafar um aðgerðir ef þörf er á. Hann gefur einnig álit á áhrifum breytinga á samþykktum á getu sjóðsins til að greiða lífeyri.

1.4.12 NÁNARA SKIPULAG

Einfalt skipurit sjóðsins er sýnt á myndinni hér að neðan. Ábyrgðarmaður áhættustýringar hefur einnig milliliðalausan aðgang að stjórn sjóðsins.



1.5 MIKILVÆGI ÁHÆTTUSTÝRINGAR

Sjóðurinn leggur áherslu á að starfsmenn sjóðsins hafi skilning á hlutverki sínu í ferli áhættustýringar og eftirlits og taki fullan þátt í því. Áhættustýring er því málefni sem varðar alla starfsmenn sjóðsins. Í því samhengi þurfa allir starfsmenn sjóðsins sem falla undir skipulag áhættustýringar að skrifa undir yfirlýsingu um að þeir hafi lesið og skilið áhættustefnu sjóðsins sem og fjárfestingarstefnu sjóðsins.

1.6 SAMSPIL ÁHÆTTUSTEFNU OG FJÁRFESTINGARSTEFNU

Samkvæmt 1.mgr. 36 gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skal stjórn lífeyrissjóðs móta og kunngera fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn og einstakar deildir hans og ávaxta fé sjóðsins og einstakra deilda hans í samræmi við reglur, m.a. gæta þess að eignir sjóðsins séu nægilega fjölbreyttar til að komið sé í veg fyrir samþjöppun og uppsöfnun áhættu í eignasafninu. Fjárfestingarstefna sjóðsins gegnir því mikilvægu hlutverki í áhættustýringu sjóðsins.

Hlutverk fjárfestingarstefnu í áhættustýringu sjóðsins er að skilgreina áhættuþol sjóðsins og áhættuvilja stjórnar, setja fram þau eignastýringarviðmið fyrir áhættuþætti sem sjóðurinn hyggst nota, sem og fjalla um og greina helstu áhættuþætti sjóðsins fyrir utan rekstraráhættu. Þar eru sett fram meðal annars ítarleg viðmið og takmarkanir fyrir samþjöppunaráhættu sem sjóðnum ber að framfylgja.

Áhættustefna sjóðsins skilgreinir hins vegar skipulag, umsjón og ábyrgð er varðar framkvæmd áhættustýringar, skilgreinir þá áhættuþætti sem sjóðurinn vill fylgjast með og jafnframt skilgreinir hún hvernig fylgst verður með þessum áhættuþáttum. Einnig er gerð áhættuskrá/áhættudagskrá sem fer yfir alla áhættuþætti, setur viðmið um mörk þeirra, hvar og hvernig þeir eru mældir og flokkar þá eftir mikilvægi.

1.7 ÁHÆTTUVILJI OG ÁHÆTTUÞOL

Áhættuvilji (e. risk appetite) er skilgreindur sem sú áhætta sem stjórn er tilbúin til að taka. Áhættuþol (e. risk tolerance) er skilgreint sem sú áhætta sem sjóðurinn ræður við án þess að grípa þurfi til sérstakra aðgerða.

Áhættuvilji birtist almennt sem sett viðmið um mörk áhættu, viðmið um hlutlausa stöðu og reglum um æskilega framkvæmd. Eftirfarandi atriði endurspeglar áhættuvilja sjóðsins:

- Mörk áhættuþátta sem stjórn sjóðsins setur á hverjum tíma og eins og þau birtast í ársfjórðungslegu áhættuyfirliti stjórnar.
- Viðmið um samsetningu eignasafna endurspeglar þá verðbreytingaáhættu sem sjóðurinn er tilbúinn að taka. Sjóðurinn beitir m.a. framfallsgreiningu við ákvörðun um eignasamsetningu.
- Hámark fjárfestinga í fjármálagerningum, útgefnum af sama aðila og tengdum aðilum, sem hlutfall af hreinni eign endurspeglar þá mótaðilaáhættu sem sjóðurinn er tilbúinn að taka.
- Hámarkshlutdeild í hlutabréfum einstakra félaga, eða hlutdeildarskírteinum einstakra fagfjárfestastjóða endurspeglar þá mótaðilaáhættu sem sjóðurinn er tilbúinn að taka gagnvart einstökum útgefendum.
- Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfasjóði/fjárfestingarsjóði eða deild þeirra endurspeglar þá mótaðilaáhættu sem sjóðurinn er tilbúinn að taka gagnvart einstökum útgefendum.
- Viðmið um veðhlutföll í útlánum endurspeglar þá mótaðilaáhættu sem sjóðurinn er tilbúinn að taka í fasteignaveðlánum.
- Viðmið um meðallíftíma skuldabréfa endurspeglar þá vaxta- og endurfjárfestingaáhættu og ósamræmisáhættu gagnvart skuldbindingum sem sjóðurinn er tilbúinn að taka.
- Viðmið um gjaldmiðlasamsetningu eigna sjóðsins og reglur um notkun afleiðna til að stýra henni endurspeglar þá gengisáhættu sem sjóðurinn er tilbúinn að taka.
- Viðmið um atvinnugreinaskiptingu eignasafns sjóðsins endurspeglar þá samþjöppunaráhættu sem sjóðurinn er tilbúinn að taka.
- Viðmið um hlutfall verðtryggðra eigna endurspeglar þá verðbólguáhættu sem sjóðurinn er tilbúinn að taka.
- Fjárfestingaheimildir starfsmanna og eignastýringaraðila endurspeglar þá rekstraráhættu tengda framkvæmd fjárfestinga sem sjóðurinn er tilbúinn að taka.

Áhættuþol sjóðsins kemur fyrst og fremst fram í fjárfestingarstefnu og birtist almennt sem leyfileg vikmörk frá hlutlausri stöðu og reglum um leyfileg frávík frá skriflegri framkvæmd.

Eftirfarandi atriði endurspeglar áhættuþol sjóðsins:

- Vikmörk um frávík VaR eignasafns frá VaR fjárfestingastefnu.
- Vikmörk laga um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins marka ákveðinn ramma sem stjórn sjóðsins er skylt að hafa í huga við eigna- og áhættustýringu.

- Vikmörk á hverjum eignaflokki í samsetningu eignasafns.
- Efri vikmörk fjárfestinga í fjármálagerningum, útgefnum af tengdum aðilum, sem hlutfall af hreinni eign.
- Neðri vikmörk í viðmiði um meðallíftíma skuldabréfa.
- Vikmörk um hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðli.
- Vikmörk um atvinnugreinaskiptingu eignasafns sjóðsins.
- Mörk mótaðilaáhættu eins og ákveðið er af stjórn og birtist í áhættuyfirliti stjórnar.

1.8 EIGIÐ ÁHÆTTUMAT OG ENDURSKOÐUN STEFNU

Í samræmi við reglugerð 590/2017 ber stjórn ábyrgð á að framkvæmt sé eigið áhættumat a.m.k. árlega og hvenær sem verulegar breytingar verða á áhættusniði sjóðsins. Eigið áhættumat skal taka tillit til allra viðeigandi áhættuþátta, vera framsýnt og í samræmi við rekstur og stefnur lífeyrissjóðsins.

Framkvæmdastjóri skal leggja skýrslu um eigið áhættumat fyrir stjórn fyrir lok maí ár hvert og fara yfir helstu áhersluatriði á sviði áhættueftirlits og áhættustýringar og tillögur að breytingum á áhættustefnu ef þörf krefur. Stjórn rýnir ferlið við gerð eigin áhættumats og endurskoðar forsendur og niðurstöður. Niðurstaða af rýni stjórnar skal vera skjalfest og hluti af áhættumatinu. Endanlegu áhættumati skal skilað til FME fyrir lok júní ár hvert.

1.9 BROT Á STEFNU

Öll brot á áhættustefnu skal tafarlaust tilkynna til framkvæmdastjóra, sem ákveður hvort tilefni sé til að upplýsa stjórn um viðkomandi tilvik. Framkvæmdastjóri skal reyna eftir fremsta megni og svo fljótt sem auðið er bregðast við og lágmarka skaða. Brot á áhættustefnu sem ekki næst að leiðrétta skal birtast stjórn í áhættuyfirliti stjórnar.

Ef um alvarleg frávík er að ræða eða brot á skilgreindum mörkum áhættu skal tilkynna þau Fjármálaeftirlitinu innan 10 virkra daga. Einnig skal tilkynnt ef upp koma tilvik þar sem eftirlitskerfið tekur ekki með fullnægjandi hætti á skilgreindri áhættu sem lífeyrissjóðurinn telur geta haft áhrif á rekstur sjóðsins.

2 ÁHÆTTUÞÆTTIR

2.1 VÆGI ÁHÆTTUÞÁTTA

Vægi áhættuþátta er metið annars vegar með því að meta afleiðingar áhættuþáttar og hins vegar líkur á því að áhættuþáttur raungerist (virkni áhættuþáttar). Hvort tveggja er metið á kvarðanum 1-4 og heildarmat á vægi áhættuþáttar er margfeldi ofangreindra niðurstaðna. Taflan hér að neðan sýnir mögulega niðurstöðu mats, þar sem græn niðurstaða er túlkuð sem lítið vægi, gul sem miðlungs vægi og rauð sem mikið vægi.

Við mat á líkum er miðað við að fyrir litlar líkur sé endurkomutími yfir 20 ár, fyrir miðlungs líkur 5-20 ár, miklar líkur milli 2-5 ár og undir 2 ár eru yfirgnæfandi líkur.

Við mat á áhrifum er miðað við mögulegt hámarkstap sem hlutfall af eignum skv. síðasta ársreikningi. Fyrir lítil áhrif sé mögulegt fjárhagslegt tap minna en 0,1% af eignum, miðlungsáhrif séu 0,1%-0,5%, mikil áhrif 0,5%-2,5% og meiriháttar áhrif yfir 2,5% af eignum.

Áhættumatsfylki Lífsverks		Afleiðingar			
		1 - Litlar (<100 mkr)	2 - Miðlungs (100 - 500 mkr)	3 - Miklar (500 - 2.000 mkr)	4 - Meiriháttar (>2.000 mkr)
Líkur (endurkomutími)	1 - Litlar (>20 ár)	1	2	3	4
	2 - Miðlungs (5-20 ár)	2	4	6	8
	3 - Miklar (2-5 ár)	3	6	9	12
	4 - Yfirgnæfandi (<2 ár)	4	8	12	16

Mat á vægi einstakra áhættuþátta kemur fram í viðauka 3.

2.2 LÍFEYRISTRYGGINGARÁHÆTTA

2.2.1 SKERÐINGAÁHÆTTA

Hættan á því að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga ef skuldbindingar vaxa meira en eignir sjóðsins. Hægt er að meta þessa áhættu með punktstöðu (núverandi tryggingafræðileg staða sjóðsins), eða meta sem líkindadreifingu.

2.2.1.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA SKERÐINGARHÆTTU

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er reiknuð árlega af tryggingastærðfræðingi, en auk þess er hún áætluð á ársfjórðungsfresti. Byggir sú áætlun á forsendum síðustu úttektar tryggingastærðfræðings, greiddum iðgjöldum tímabils (ný áunnin réttindi), greiddum lífeyri tímabils (greidd réttindi), verðbólgu tímabilsins og stöðu eignasafnsins hverju sinni. Þessi áætlun tekur ekki tillit til hugsanlegra breytinga á lýðfræðilegri stöðu sem kunna að eiga sér stað innan ársins, en gefur samt sem áður góða mynd af stöðu sjóðsins. Áætlunin er birt í ársfjórðungslegri skýrslu um fjárhagslega áhættu.

Í ársfjórðungslegri skýrslu um fjárhagslega áhættu eru líkur á því að skerðingarmörkum verði náð metnar með hermum m.v. ólíkar sviðsmyndir og með álagsprófi. Hermunin byggir á gefnum forsendum um verðbólgu, gengi krónu og vænta ávöxtun eignaflokka sem og sögulegum gögnum um flókt þeirra og fylgni.

2.2.2 IÐGJALDAÁHÆTTA

Hættan sem stafar af miklum samdrætti í iðgjöldum. Meta þarf nýliðun í sjóðnum og fylgjast með launaþróun og atvinnustigi til að meta iðgjaldaáhættu.

2.2.2.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA IÐGJALDAÁHÆTTU

Árlega eru iðgjöld sjóðfélaga eftir aldri borin saman við iðgjöld fyrra árs. Í mánaðarlegu yfirliti til stjórnar er mæling á nýliðun í sjóðnum, bæði séreign og samtryggingu.

2.2.3 UMHVERFISÁHÆTTA

Hættan á að neikvæð þróun í ytra umhverfi sjóðsins, þar á meðal að félagslegar og hagrænar breytingar, leiði til aukinnar lífeyrisbyrði sjóðsins. Langvarandi atvinnuleysi eykur til að mynda líkur á örorku, sem hefur áhrif á lýðfræðilega áhættu. Umhverfisáhætta nær einnig yfir áhættu sjóðsins sem stafar af hamfarahlýnun s.s. breytingu á veðurkerfum, sjávarhæð og fleira.

2.2.3.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA UMHVERFISÁHÆTTU

Stöðugt er fylgst með umhverfisáhættu með greiningu á opinberum upplýsingum um stöðu stjórn mála, félagslegra aðstæðna, hagstærða og umhverfismála með áherslu á stöðu og þróun þessara þátta á starfssvæði sjóðsins. Byggt er m.a. á mælingum og spá Seðlabankans varðandi hagstærðir, á mælingum Hagstofu Íslands á þróun langtíma atvinnuleysis. Jafnframt er horft til greininga helstu fjármálafyrirtækja og sjálfstæðra greiningaaðila á markaðnum.

Greiningin er tekin saman árlega í fjárfestingarstefnu sjóðsins.

2.2.4 LÝÐFRÆÐILEG ÁHÆTTA

Hættan á að lýðfræðileg samsetning sjóðfélaga breytist á þann veg að skuldbindingar hækki umfram áætlanir. Helstu áhrifaþættir eru aukinn lífaldur og örorkutíðni.

2.2.4.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA LÝÐFRÆÐILEGRAR ÁHÆTTU

Tvisvar á ári er stjórn sjóðsins kynnt þróun í nýgengi örorku hjá sjóðnum sem byggir á gögnum úr réttindakerfi sjóðsins. Jafnframt koma fram upplýsingar um hlutfall örorkulífeyris og samanburður við sama tímabil ársins á undan í árshlutauppgjörum sjóðsins.

Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) skoðar þróun vænts lífaldurs skv. gögnum Hagstofu Íslands með reglubundnum hætti. Ef tilefni er til, ráðleggur FÍT Fjármálaráðuneyti að gefa út nýjar lífslíkutöflur. Viðbrögð við auknum lífslíkum er sameiginlegt verkefni á

vegum Landssamtaka lífeyrissjóða, enda mikilvægt að lífeyrissjóðir bregðist við á samræmdan hátt.

2.2.5 RÉTTINDAFLUTNINGSÁHÆTTA

Hættan á að sjóðfélagar flytji réttindi sín. Samkvæmt lögum og samþykktum hvað varðar samtryggingardeild sjóðsins er slíkt ekki heimilt nema þegar kemur að töku lífeyris, eða vegna endurgreiðslu til erlendra ríkisborgara þegar þeir flytjast úr landi. Annað gildir um séreignardeild.

2.2.5.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA RÉTTINDAFLUTNINGSÁHÆTTU

Stjórn sjóðsins hefur mótað stefnu um að heimila ekki endurgreiðslur iðgjalda til erlendra ríkisborgara fyrr en kemur að töku lífeyris. Hættan á því að sjóðfélagar flytji réttindi sín úr samtryggingardeild er því lítil. Fylgst er með fjölda lífeyrisþega einu sinni á ári í tengslum við gerð ársreiknings sjóðsins. Fylgst er með réttindaflutningum úr séreignardeild tvisvar á ári, í tengslum við ársuppgjör og árshlutauppgjör sjóðsins.

2.3 LAUSAFJÁRÁHÆTTA

2.3.1 SELJANLEIKAÁHÆTTA

Seljanleikaáhætta felur í sér þá áhættu að ekki sé hægt að selja (eða kaupa) tiltekinn fjármálagerning á viðunandi verði með stuttum fyrirvara. Slíkt getur komið til vegna óvenjulegra markaðsaðstæðna en einnig vegna eiginleika viðkomandi fjármálagernings. Algengur mælikvarði á seljanleika fæst með því að athuga veltu viðkomandi verðbréfa (t.d. meðal dagsvelta) og bera saman við eignastöðu sjóðsins í sama verðbréfi.

2.3.1.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA SELJANLEIKAÁHÆTTU

Sjóðurinn horfir á seljanleikaáhættu í samhengi við vænt greiðsluflæði sjóðsins skv. tryggingafræðilegri úttekt, lausafjárstöðu og greiðsluflæði af fjárfestingaeignum hans. Miðað er við að laust fé og auðseljanlegar eignir séu ávallt nægar fyrir væntum útgjöldum sjóðsins næstu 3 mánuði. Niðurstaða mælinga kemur fram í mánaðarlegu yfirliti til stjórnar.

2.3.2 ÚTSTREYMISÁHÆTTA

Útstreymisáhætta er sú áhætta að ekki sé hægt að standa við greiðslur í krónum eða erlendum myntum, t.d. vegna lífeyrisskuldbindinga, skuldbindinga í sjóðum, vegna uppgjors samninga eða úttekta á séreignarsparnaði. Skoða þarf vænt nettó innstreymi/útstreymi lífeyrissjóðsins og meta áhættu á fráviki frá þeirri áætlun.

2.3.2.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA ÚTSTREYMISÁHÆTTU

Mánaðarlega er farið yfir vænt greiðsluflæði m.a. vegna skuldbindinga, uppgjors samninga og greiðslu kostnaðar og niðurstaðan borin saman við laust fé og stöðu auðseljanlegra eigna.

2.4 MÓTAÐILAÁHÆTTA

2.4.1 ÚTLÁNAÁHÆTTA

Útlánaáhætta er hér skilgreind sem sú áhætta að mótaðilar standi ekki skil á greiðslum af fjármálagerningum eða vegna samninga sem fela í sér útlánaígildi (e. credit exposure). Dæmi um slíka fjármálagerninga eru skuldabréf, víxlar, skuldaviðurkenningar og innlán, en dæmi um aðra samninga sem geta falið í sér útlánaígildi eru afleiðusamningar. Útlánaáhætta er jafnan mæld með gjaldþolsprófi eða lánshæfismati.

2.4.1.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA ÚTLÁNAÁHÆTTU

Útlánaáhætta ræðst annars vegar af stærð stöðu og hins vegar af líkunum á greiðslufalli og áætluðu endurheimtuhlutfalli. Endurheimtuhlutfallið ræðst af því hversu alvarlegt greiðslufallið er og hversu góðar tryggingar fyrir skuldinni eru.

Sjóðurinn lætur lánshæfismeta stærstu útgefendur í safni sínu árlega og birtir í fjárfestingastefnu. Gerð lánshæfismats miðast að öllu jöfnu við að útgefandi vigti meira en 1% af hreinni eign sjóðsins. Ef einstakur útgefandi er með samning um lánshæfismat alþjóðlegra matsfyrirtækja, er notast við það mat. Einstakir útgefendur eru settir á athugunarlista fari þeir undir lágmarks lánshæfi, sem nú er skilgreint sem B- (m.v. flokkunarkerfi S&P eða sambærilegu matsfyrirtæki). Það felur í sér að kannaðir eru sölumöguleikar eigna á viðkomandi útgefanda.

2.4.2 SAMÞJÖPPUNARÁHÆTTA

Samþjöppunaráhætta er skilgreind sem heildaráhætta eignasafns af tilteknum mótaðila og aðilum tengdum honum. Samþjöppunaráhætta felur þannig í sér samanlagða áhættu eigna og samninga sem annaðhvort eru útgefnir af mótaðila eða fela í sér útlánaígildi á hann, þ.m.t. hlutabréfa, skuldabréfa, afleiðna og annarra fjármálagerninga. Í þessu sambandi er litið á tengda aðila sem sama aðilann. Tengdir aðilar teljast hér vera þeir aðilar sem tengdir eru vegna sterkra eigna- eða stjórnunartengsla.

2.4.2.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA SAMÞJÖPPUNARÁHÆTTU

Sjóðurinn hefur sett sér viðmið og vikmörk um hámarksfjárfestingu í verðbréfum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni. Í mánaðarlegu yfirliti til stjórnar er tekin saman heildarstaða stærstu útgefenda og tengdra aðila.

Markmið sjóðsins varðandi atvinnugreinaskiptingu er að atvinnugreinaskipting hlutabréfasafnsins taki mið af samsetningu viðmiðunarvísitalna. Erlend hlutabréfaeign skal taka mið af skiptingu MSCI World Total return og Innlend hlutabréfaeign skal taka mið af atvinnugreinaskiptingu Nasdaq OMXI. Þar sem afar fá félög eru skráð í kauphöllina á Íslandi eru þó ekki sett vikmörk um skiptinguna.

2.4.3 LANDSÁHÆTTA

Hættan á að fjárfestingar lífeyrissjóðs séu of tengdar einu landi eða landsvæði. Í sumum tilvikum er landsáættu ruglað saman við pólitíska áhættu, en landsáhætta er víðtækari og nær til fjölmargra þátta sem einkenna einstök landssvæði.

2.4.3.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA LANDSÁHÆTTU

Stærstur hluti eigna sjóðsins er í innlendum verðbréfum. Því er fylgst mjög náið með aðstæðum á innlendum markaði. Erlendar eignir sjóðsins eru mjög dreifðar á landsvæði, en þó aðallega á Evrópu og Bandaríkin. Fylgst er með efnahagsþróun á þessum svæðum og horfum á mörkuðum, m.a. með umfjöllun á stjórnarfundum og mánaðarlegu yfirliti um þróun helstu vísitalna í stjórnaryfirliti.

2.4.4 AFHENDINGAR- OG UPPGJÖRSÁHÆTTA

Afhendingar- og uppgjörssáhætta er sú áhætta að uppgjör viðskipta sé ekki í samræmi við fyrirmæli, t.d. vegna þess að mótaðili afhendir ekki verðbréf eða greiðslu. Afhendingaráhætta er jafnframt skilgreind sem sú áhætta að eignir tapist vegna gjaldþrots (eða greiðslufalls) vörsluaðila, þ.e. þegar eignir sjóðsins eru í vörslu hjá 3ja aðila.

2.4.4.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA AFHENDINGAR- OG UPPGJÖRSÁHÆTTU

Sjóðurinn gerir kröfu um að allir vörsluaðilar verðbréfa sjóðsins séu eftirlitsskyldir aðilar og að uppgjör viðskipta séu eingöngu gerð með milligöngu eftirlitsskyldra aðila.

Erfitt er að mæla afhendingar- og uppgjörssáhættu, en hún er lágmörkuð með ofangreindum aðgerðum sem og tryggun innri eftirlitsferlum.

2.5 FJÁRHAGSLEG ÁHÆTTA

2.5.1 VAXTA- OG ENDURFJÁRFESTINGAÁHÆTTA

Hættan á að breytingar á vöxtum og lögun vaxtaferils leiði til lækkunar á virði skuldabréfa. Ef vextir hækka getur sjóðurinn þurft að innleysa gengistap við sölu á skuldabréfum sem keypt voru á lægri vöxtum þar sem samtryggingardeild sjóðsins gerir skuldabréf upp á kaupkröfu. Jafnframt getur lækkandi vaxtaumhverfi leitt til lægri kaupkröfu nýrra skuldabréfa þegar núverandi skuldabréf eru á gjalddaga og þegar fjárfest er fyrir innflæði. Þessari áhættu er hægt að stýra með hlutfalli fastra vaxta og breytilegra, uppgreiðanlegra skuldabréfa og óuppgreiðanlegra, líftíma skuldabréfa og hlutfalli skuldabréfa í sjóðnum.

Séreignarleiðir Lífsverks gera skuldabréf upp á markaðskröfu sem hafa daglegt viðskiptaverð og því hefur breyting á vöxtum og lögun vaxtaferils bein áhrif á þann hluta eignasafnsins. Þau skuldabréf sem ekki hafa daglegt viðskiptaverð eru gerð upp á kaupkröfu.

2.5.1.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA VAXTA OG ENDURFJÁRFESTINGAÁHÆTTU

Ársfjórðungslega er skuldabréfasafn sjóðsins greint m.t.t. þess hvort bréf eru verðtryggð eða óverðtryggð, hver kaupkrafta þeirra er og hver meðaltími þeirra er. Þessi greining er sett fram fyrir einstaka flokka skuldabréfa (ríkis-skuldabréf, skuldabréf sveitarfélaga, skuldabréf banka, fasteignatryggð bréf, önnur verðbréf, sem aðallega eru skuldabréf fyrirtækja og

skuldabréf í erlendri mynt). Í kjölfarið er í ársfjórðungslegri skýrslu um fjárhagslega áhættu framkvæmd næmnigreining sem sýnir áhrif hækkunar/lækkunar vaxta um 1% á virði eignasafns. Þessi næmnigreining er sett fram fyrir verðtryggð skuldabréf, óverðtryggð skuldabréf og skuldabréf í erlendri mynt auk þess sem bæði eru mæld áhrif af breytingu við einstaka líftíma og af hliðrun á vaxtaferlum í heild.

2.5.2 UPPGREIÐSLUÁHÆTTA

Sum skuldabréf eru með uppgreiðsluheimild, sem felur í sér uppgreiðsluáhættu fyrir lífeyrissjóðinn. Samkvæmt reglum sem Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) hefur gefið út er uppgreiðsluáhætta skilgreind sem líkur á að uppgreiðslur vaxi eftir því sem munur á vöxtum skuldabréfa og markaðsvöxtum er meiri. Þegar verðmæti uppgreiðsluhæfra skuldabréfa með föstum vöxtum er metið í tryggingafræðilegri úttekt samtryggingardeildar sjóðsins skal samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða „taka tillit til þess til lækkunar mats í samræmi við reglur gefnar út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga“.

2.5.2.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA UPPGREIÐSLUÁHÆTTU

Mánaðarlega er fylgst með uppgreiðslum sjóðfélagalána umfram reglulegar greiðslur afborgana og vaxta og þær bornar saman við veitingu nýrra sjóðfélagalána. Mestar líkur eru á að áhætta raungerist vegna sjóðfélagalána á föstum vöxtum en þau eru lítill hluti af heildarlánasafni sjóðsins.

2.5.3 MARKAÐSÁHÆTTA

Hætta á lækkun markaðsvirðis verðbréfa með breytilegar tekjur, svo sem hlutabréfa og hlutdeildarskírteina verðbréfa. VaR (Value at Risk) er notað til að meta líkur á tilteknu tapi miðað við eignasafn sjóðsins og söguleg gögn. Staðalfrávik er notað til að meta flókt/sveiflur eignasafna.

2.5.3.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA MARKAÐSÁHÆTTU

Við útreikninga á fjárhagslegri áhættu í ársfjórðungslegri skýrslu er eignasamsetning nálguð með safni markaðsvísitalna, sem endurspeglar ávöxtun og áhættu mismunandi flokka verðbréfa (vístölur með 1, 5 og 10 ára meðaltíma fyrir verðtryggð/óverðtryggð skuldabréf, innlendar/erlendar vísitölur hlutabréfa og skuldabréfa, vísitölur innlendra/erlendra framtaks-, fasteigna-, hrávöru- og vogunarsjóða). Þessi gögn eru síðan notuð til að reikna vænta ávöxtun og áhættu (flókt) m.v. söguleg gögn, forsendur um vænta ávöxtun til framtíðar og spá um gengi krónu og verðbólgu.

Spálíkanið skilar niðurstöðu um vænta nafn- og raunávöxtun safnsins sem og vænta lægstu líklegu nafnávöxtun (VaR (e. Value at Risk), Líkanið gefur einnig líkindadreifingu fyrir tryggingafræðilega stöðu m.v. ólíkar sviðsmyndir um þróun undirliggjandi áhættuþátta, byggða á hermunum.

2.5.4 GJALDMIÐLAÁHÆTTA

Gjaldmiðlaáhætta sjóðsins felst í hættu á að sveiflur á gengi krónunnar annars vegar og erlendra myntkrossa hinsvegar geti haft neikvæð áhrif á eignastöðu sjóðsins. Þessari

áhættu er hægt að stýra með framvirkum samningum og valréttum, háð leyfi Seðlabankans. Við núverandi aðstæður felst stýring þessarar áhættu í stýringu á hlutfalli erlendra eigna í eignasafni sjóðsins og hlutfalli annarra eigna sem sýna fylgni við gengi krónunnar.

2.5.4.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA GJALDMIÐLAÁHÆTTU

Í mánaðaryfirliti til stjórnar er gjaldmiðlasamsetning sjóðsins borin saman við viðmið og vikið. Ársfjórðungslega er gjaldmiðlasamsetning eignasafnsins greind og reiknuð næmni gagnvart gengisbreytingum og gerðar sviðsmyndir byggðar á hermunum sem sýna áhrif þróunar helstu gjaldmiðla (EUR, USD) á þróun tryggingafræðilegrar stöðu.

2.5.5 ÓSAMRÆMISÁHÆTTA (Á EINGÖNGU VIÐ UM SAMTRYGGINGARDEILD)

Hættan á ósamræmi í breytingum á markaðsverði eigna annars vegar og skuldbindinga hins vegar. Dæmi um áhættuþátt er verðtrygging. Lífeyrisréttindi eru verðtryggðar skuldbindingar, en eignasafn er sjaldnast verðtryggt að fullu. Ýmsar eignir hafa þó eiginleika óbeinnar verðtryggingar. Álagspróf eða næmniþróf eru dæmigerð próf fyrir ósamræmi eigna og skuldbindinga þar sem leitast er við að meta næmni eigna og skuldbindinga fyrir breytingum á vöxtum, verðbólgu og öðrum þáttum sem eru sameiginlegir eignum og skuldbindingum.

2.5.5.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA ÓSAMRÆMISÁHÆTTU

Ósamræmisáhætta er afleidd áhætta, þ.e. hættan á að eignir og skuldbindingar sjóðsins þróist ekki með sambærilegum hætti t.d. vegna mikillar verðbólgu, óhagstæðrar gengisþróunar eða lítillar ávöxtunar eigna og leiði þannig til versnandi tryggingafræðilegrar stöðu.

Álagspróf eða næmniþróf þar sem áhrif áhættuþátta á tryggingafræðilega stöðu eru dæmigerð próf fyrir ósamræmi eigna og skuldbindinga. Þar sem ósamræmisáhætta er afleidd áhætta tengist óhagstæð þróun öðrum áhættuþáttum sem um er fjallað í þessari skýrslu og er vísað til þeirrar umfjöllunar.

2.5.6 VERÐBÓLGUÁHÆTTA

Verðbólguáhætta er sú hættan að verðbólga valdi hækkun á lífeyrisskuldbindingum umfram raunávöxtun óverðtryggðra eigna.

Verðbólguáhætta í séreignarleiðum sjóðsins er sú hættan að verðbólga leiði til lægri raunávöxtunar í þeim deildum sem eru ekki 100% verðtryggðar.

2.5.6.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA VERÐBÓLGUÁHÆTTU

Í ársfjórðungslegri skýrslu um fjárhagslega áhættu er hlutfall verðtryggðra eigna mælt og borið saman við viðmið. Í skýrslunni er einnig framkvæmt álagspróf þar sem áhrif af hækkun á vísitölu neysluverðs á tryggingafræðilega stöðu er metin og mismunandi sviðsmyndir fyrir þróun verðbólgu skoðaðar með hermunum.

2.5.7 ÁHÆTTA VEGNA SKULDBINDINGA UTAN EFNAHAGSREIKNINGS

Hætta á breytingum á undirliggjandi eignum eða skuldbindingum utan efnahags. Framvirkir gjaldmiðlasamningar, afleiður og skuldbindandi samningar um greiðslur í framtakssjóði eru dæmi um eignir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings.

2.5.7.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA ÁHÆTTU VEGNA SKULDBINDINGA UTAN EFNAHAGSREIKNINGS

Sjóðurinn er ekki með neina afleiðusamninga, en stjórn hefur veitt eignastýringu heimild til að gera framvirkra gjaldeyrissamninga til að verja framtíðarskuldbindingar sjóðsins og samninga til varnar erlendri markaðsáhættu. Ársfjórðungslega er heildarskuldbinding vegna samninga um fjárfestingu sjóðsins í fagfjárfestingasjóðum tekin saman. Umfjöllun um þennan áhættuþátt er sett í samhengi við vænt greiðsluflæði sjóðsins, s.s. lífeyrisbyrði hverju sinni.

2.6 REKSTRARÁHÆTTA

2.6.1 STARFSMANNAÁHÆTTA

Almenn hættu á að uppsagnir eða veikindi starfsmanna leiði til rekstrarerfiðleika. Þjálfun starfsmanna og afleysingarmanna og verkferlar eru dæmi um aðgerðir til að draga úr slíkri áhættu. Almenn áhætta sem snýr að hlítingu starfsmanna við reglur, verkferla og samþykktir sjóðsins. Sama á við um hlítingu við lög og reglur samkvæmt lögum um starfsemi lífeyrissjóða.

2.6.1.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA STARFSMANNAÁHÆTTU

Verkferlar hjá sjóðnum eru yfirfarnir amk. árlega. Þá eru starfsmenn hvattir til að sækja námskeið til að auka færni þeirra og reglulega eru haldnir starfsmannafundir þar sem boðið er uppá fræðslu. Árlega er boðið uppá heilsufarseftirlit og starfsmönnum stendur til boða líkamsræktarstyrkur til heilsueflingar.

Erfitt er að mæla starfsmannaáhættu, en hún er lágmörkuð með ofangreindum aðgerðum sem og tryggun innri eftirlitsferlum.

2.6.2 HLÍTINGARÁHÆTTA

Áhætta sem snýr að hlítingu starfsmanna við reglur, verkferla, stefnur og samþykktir sjóðsins. Sama á við um hlítingu við lög og reglur samkvæmt lögum um starfsemi lífeyrissjóða.

2.6.2.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA HLÍTINGARÁHÆTTU

Sjóðurinn leggur áherslu á að starfsmenn séu upplýstir um bæði þær innri og ytri reglur sem um starfsemina gilda. Ef slík mál koma upp er það skráð í frávíkaskrá.

2.6.3 ÁHÆTTA VEGNA SVIKA

Hætta á svikum, sem valda sjóðnum fjárhagslegu tjóni. Áhættan getur snúið að svikum starfsmanna eða peningaþvætti. Aðskilnaður starfa og kerfislægar aðgangstýringar eru dæmigerðar aðgerðir gegn mögulegri sviksemi, ásamt afstemmingum á reikningum og almenntri eignatalningu.

2.6.3.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA ÁHÆTTU VEGNA SVIKA

Til að draga úr áhættu vegna sviksemi eða mistaka leggur sjóðurinn áherslu á að stjórnendur leiði með góðu fordæmi, starfsandi sé góður og áhættumenning innan sjóðsins sé heilbrigð og tryggi góða meðvitund um mögulegar hættur í þessu efni.

Sjóðurinn leggur áherslu á aðgreiningu starfa, skýr starfs- og ábyrgðarsvið og öflugar aðgangsstýringar að upplýsingakerfum og starfsstöðvum, vernd upplýsinga og góðan rekjanleika aðgerða.

Til að draga úr áhættu á sviksemi og tryggja framfylgd ofangreindra atriða hefur sjóðurinn sett sér öryggisstefnu.

Sjóðurinn hefur flokkað sviksemisáhættu í eftirfarandi þætti:

- Iðgjöld
- Lífeyrir
- Fjárfestingar
- Sjóðfélagalán
- Rekstur og bókhald
- Upplýsingakerfi
- Yfirstjórn

Stjórnendur og almennt starfsfólk lífeyrisjóðsins hafa unnið að greiningu/gátlista áhættu er lýtur að mögulegri sviksemi tengda einstökum þáttum.

2.6.4 ÁHÆTTA VEGNA UPPLÝSINGATÆKNI

Hér undir fellur bæði áhætta vegna vélbúnaðar og hugbúnaðar. Vél- og hugbúnaður sem lífeyrissjóðir nota í daglegum rekstri þarf að standast kröfur staðla um upplýsingaöryggi og til staðar þurfa að vera viðbúnaðaráætlanir sem tryggja áframhaldandi rekstur ef upplýsingakerfi verður óvirk.

2.6.4.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA ÁHÆTTU VEGNA UPPLÝSINGATÆKNI

Hugtakið öryggiskerfi vísar í safn öryggisskjala, sem þarf að vera til staðar hjá eftirlitsskyldum aðilum. Öryggiskerfi felur í sér öryggiskröfur, ráðstafanir, öryggisstefnu, verklagsreglur, áhættumat, neyðaráætlun og verkefnislista er lýsir framkvæmd verkefna á sviði upplýsingatækni.

Ár hvert er unnin skýrsla þar sem fjallað er um yfirferð öryggiskerfisins. Í skýrslunni er farið yfir hlítingu sjóðsins við tilmæli FME um tryggan rekstur upplýsingakerfa sem og við lög nr. 90/2018 um meðferð persónugreinanlegra upplýsinga. Farið er yfir öryggishandbók sjóðsins, verklagsreglur, sem og áhættumat sjóðsins vegna reksturs og notkunar upplýsingakerfa. Jafnframt er farið yfir bókanir í frávíkaskrá, fundi með þjónustuaðilum og aðra slíka þætti.

Yfirferðin uppfyllir ákvæði í grein 45 tilmæla FME (nr. 1/2019) um að sjóðurinn fái óháðan aðila, t.d. innri endurskoðanda eða aðila sem tekur að sér endurskoðun upplýsingatækniakerfa til að taka út hvort og hvernig sjóðurinn uppfylli þá þætti sem tilgreindir eru í tilmælum þessum.

2.6.5 ORÐSPORSÁHÆTTA

Hættan á fjárhagslegu tjóni vegna þess að orðspor lífeyrissjóðs hefur beðið hnekki. Orðsporsáhætta og iðgjaldaáhætta eru tengdar að því leyti, að ef lífeyrissjóður fær á sig slæmt orð getur það leitt til þess að iðgjöld dragast saman vegna lélegrar nýliðunar. Þá getur slæmt orðspor leitt til þess að réttahafar séreignar flytji réttindi sín til annarra sjóða, sem getur aukið lausafjár- og seljanleikaáættu.

2.6.5.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA ORÐSPORSÁHÆTTU

Til að meta orðsporsáhættu er t.d. hægt að framkvæma viðhorfskannanir. Sjóðurinn hefur reglulega kannað viðhorf sjóðfélaga gagnvart sjóðnum og einnig hafa Landssamtök lífeyrissjóða (LL) framkvæmt viðhorfskannanir undanfarin ár fyrir lífeyriskerfið í heild.

2.6.6 PÓLÍTÍSK ÁHÆTTA / LÖG OG REGLUR

Áhættan af því að aðgerðir eða aðgerðarleysi stjórnvalda auki lífeyrisbyrði sjóðs, auk annarra neikvæðra áhrifa sem óvissa um mögulegar stjórnvaldsaðgerðir kann að skapa. Undir þetta falla breytingar á lögum eða reglum um starfsemina eða túlkun þeirra sem valda verulegum breytingum á starfseminni. Þetta kunna t.d. að vera breytingar á lögum um lífeyrissjóði, uppgjorsreglum, skattalögum, lögum um aðra aðila sem hafa áhrif á starfsemi sjóðsins, eftirliti og eftirlitsreglum, heimildum til fjárfestinga o.s.frv. Erfitt er að setja mælikvarða á pólitíska áhættu, en mikilvægt að fylgjast með þróun mála og reyna að hafa áhrif þar á. Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða er mikilvægt í þessu samhengi.

2.6.6.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA PÓLÍTÍSKRAR ÁHÆTTU

Áhrif einstakra stjórnvaldsaðgerða (lagasetningar) er hægt að mæla. Þannig hefur sjóðurinn til dæmis mælt einu sinni á ári áhrif laga er lúta að gjalddöku hjá lífeyrissjóðum. Þar er m.a. um að ræða gjald til eftirlitsaðila, framlag til endurhæfingarsjóðs og gjald til umboðsmanns skuldara.

2.6.7 SKJALAÁHÆTTA

Undir þennan flokk falla brot á ákvæðum laga, reglugerða eða opinberra fyrirmæla, brot á samningum (samningsáhætta), ófullnægjandi samningsgerð (skjalaáhætta) og ófullnægjandi undirbúningur dómsmála. Þá má einnig nefna aðgerðir dómstóla og stjórnvalda, t.d. beitingu sekta eða að túlkun skilmála eða samþykktar verði á annan hátt en sjóðurinn gerir ráð fyrir. Nærtækt dæmi um slíka áhættu eru skilmálar lána með gjaldmiðlatengingu sem stóðust ekki lög og leiða mögulega til taps.

2.6.7.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA SKJALAÁHÆTTU

Sjóðurinn er í samningssambandi við lögfræðistofu og lætur lögfræðinga lesa yfir drög að flestum samningum sem gerðir eru. Sérfræðingar á sviði upplýsingatækni eru jafnframt fengnir til ráðgjafar vegna samninga á því sviði.

2.6.8 ÚRSKURÐARÁHÆTTA LÍFEYRIS (Á EINGÖNGU VIÐ UM SAMTRYGGINGARDEILD)

Hætta á að lífeyrisúrskurðir séu ekki samkvæmt samþykktum. Kerfisbundin villa í úrskurði lífeyris, sem er í ósamræmi við samþykktir lífeyrissjóðs, getur gefið ranga mynd af stöðu sjóðsins og leitt til endurkrafna. Þá getur túlkun samþykpta falið í sér áhættu.

2.6.8.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA ÚRSKURÐARÁHÆTTU LÍFEYRIS

Sérfræðingur lífeyrismála hjá sjóðnum sér um að framkvæma úrskurði í sérhönnuðu lífeyriskerfi sem reiknar út lífeyri nýrra umsækjenda. Allir úrskurðir eru yfirfarnir af fjármálastjóra samkvæmt samþykktu eftirlitsferli.

Sérstök áhætta er samfara greiðslu lífeyris til greiðsluþega með heimilisfesti erlendis. Einu sinni á ári eru þeir krafðir um lífsvottorð (staðfesting þar til bærri yfirvalda um að viðkomandi sé á lífi).

2.6.9 ÁHÆTTA VEGNA ÚTVISTUNAR

Oft er ákveðið að úthýsa tilteknum hluta starfseminnar. Ástæður úthýsingar kunna að vera margar, s.s. að sérþekking sé ekki til staðar eða að talið sé óhagkvæmt að koma henni upp innanhúss, eða að það er talin góð leið til að draga úr kostnaði. Stundum er verkefnum úthýst að hluta til að fá samannburð eða samkeppni við eigin starfsemi. Úthýsingu fylgir ýmiss konar áhætta sem hafa þarf í huga:

- Mögulega minni yfirsýn
- Minni aðgangur að verkferlum og skipulagi
- Úthýsingaraðili uppfyllir ekki samninga
- Starfsmenn úthýsingaraðila lúta ekki boðvaldi eða verkstjórn lífeyrissjóðsins, þótt þeir gegni mikilvægum störfum fyrir hann
- Hæfni starfsmanna úthýsingaraðila er ófullnægjandi
- Fjárhagsstaða úthýsingaraðila er ófullnægjandi
- Ekki er nægjanlegt eftirlit með starfsemi úthýsingaraðila og tók á slíku eftirliti eru takmörkuð
- Samningar taka ekki á gjaldproti úthýsingaraðila
- Uppsagnarfrestur er ekki nægilega skýr þegar úthýsingaraðili skilar ekki tilætluðum árangri
- Áætlanir um rekstrarsamfellu hafa ekki verið gerðar til að tryggja rekstrarsamfellu ef úthýsingaraðili stendur ekki við skuldbindingar sínar eða árangur hans er ófullnægjandi
- Áætlanir úthýsingaraðila um rekstrarsamfellu og viðbrögð við áföllum hafa ekki verið könnuð
- Úthýsingaraðili misfer með trúnaðarupplýsingar
- Sviksemi útvistunaraðila eða starfsmanna þeirra

2.6.9.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA ÁHÆTTU VEGNA ÚTVISTUNAR

Sjóðurinn hefur Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 6/2014, um útvistun að leiðarljósi við gerð útvistunarsamninga. Auk þess er tekið tillit til leiðbeinandi tilmæla FME nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa. Athugun á samningum um útvistun er hluti af reglubundnu eftirliti innri endurskoðanda.

2.6.10 UPPLÝSINGAÁHÆTTA

Hætta á að upplýsingar sem sjóðurinn lætur frá sér gefi villandi mynd eða leiði til ákvarðanatöku sjóðfélaga á röngum forsendum. Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. laga nr. 129/1997 um lífeyrissjóði skal senda sjóðfélögum yfirlit um iðgjaldagreiðslur eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef sannanlega innheimt iðgjöld hafa ekki borist sjóðnum. Fáí sjóðfélagar yfirlit ekki reglulega eða ef upplýsingar eru rangar í yfirlitum getur það skapað tjónaábyrgð vegna sjóðfélaga sem ekki gátu brugðist við innan tímaramma laga um ábyrgðasjóð launa. Þá kunna rangar upplýsingar um samsetningu séreignaleiða eða fjárfestingarstefnu þeirra að valda sjóðnum tjóni og ímyndarskaða.

2.6.10.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA UPPLÝSINGAÁHÆTTA

Áður en að yfirlit eru send sjóðsfélögum eru prufueintök send á starfsfólk sjóðsins til yfirlstrar. Ef í ljós koma atriði sem krefjast lagfæringar, er þeim upplýsingum komið til þjónustuaðila hugbúnaðar sjóðsins.

3 FRAMKVÆMD ÁHÆTTUSTÝRINGARSTEFNU

3.1 FYRIRBYGGJANDI OG VIRK ÁHÆTTUSTÝRING

Við áhættustýringu sjóðsins er stuðst bæði við fyrirbyggjandi ráðstafanir í áhættustýringu og virka áhættustýringu. Rétt er að hafa í huga að áhætta þarf ekki að vera slæm fyrir sjóðinn og í sumum tilvikum er æskilegt að sjóðurinn taki ákveðna áhættu með það markmið að bæta tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar sjóðsins og vænta ávöxtun séreignarleidda. Gera þarf greinarmun á fyrirbyggjandi ráðstöfunum í áhættustýringu og virkri áhættustýringu.

Fyrirbyggjandi ráðstafanir í áhættustýringu ná yfir:

- Þau viðmið sem sett eru um fjárfestingaflokka í fjárfestingarstefnu sjóðsins
- Umfjöllun og greiningu á áhættuflokkum
- Verkferla sem settir eru
- Þjálfun og símenntun starfsfólks sjóðsins

Virk áhættustýring nær yfir:

- Reglulegar mælingar og skýrslugjöf
- Auka úttektir
- Vöktun á ákveðnum áhættuflokkum
- Ákvörðun um notkun afleiðna við áhættustýringu
- Ákvarðanir um viðbrögð við áhættu sem raungerist

Framkvæmd stýringar á rekstraráhættu fer m.a. fram með verkferlum og vinnubrögðum, aðgreiningu starfa og innri endurskoðun þar sem sérstök endurskoðun fer m.a. fram á upplýsingakerfum. Verkferlar eru í stöðugri þróun. Mælingu fjárhagslegrar áhættu er að hluta til útvistað.

3.2 ÁHÆTTUSKRÁ OG ÁHÆTTUDAGSKRÁ

Í áhættuskrá (viðauki 3) er yfirlit yfir helstu áhættuflokka. Þar koma jafnframt fram þau viðmið sem sett eru fyrir hvern áhættuflokk, hverjar eru fyrirbyggjandi ráðstafanir og hvernig virk áhættustýring fer fram. Jafnframt er lagt mat á mikilvægi áhættugreiningar (rautt-mikil áhætta, gult-meðal áhætta, grænt-lítil áhætta).

Í áhættudagskrá (viðauki 4) er yfirlit um í hvaða mánuði hver áhættuflokkur er mældur. Eru þetta lágmarksmælingar.

3.3 SKÝRSLUGJÖF

Tryggja þarf að skýrslugjöf, sem er mikilvægur hluti af áhættustýringu sjóðsins, nái yfir þá áhættuflokka sem henni er ætlað að vakta, sem og að tíðni skýrslugjafar sé í samræmi við mikilvægi. Í viðauka 2 er yfirlit yfir skýrslur sjóðsins sem fjalla um áhættuflokka.

3.4 HLÍTINGARSKRÁ

Nauðsynlegt er að athuga reglulega hvort starfsemi sjóðsins sé ekki í samræmi við áhættustefnu þessa. Hlítingaskrá í viðauka 1 er leiðbeinandi fyrir innri endurskoðanda til að athuga hvort starfsmenn sjóðsins hafi hlítt ákvæðum áhættustefnu. Jafnframt gagnast það starfsmönnum sjóðsins hvað varðar yfirsýn yfir mikilvægustu atriðin sem þeim ber að hlíta.

UNDIRRITUN STJÓRNAR

Stjórn LÍFSVERKS lífeyrissjóðs staðfestir hér með áhættustefnu sjóðsins 2022.

Reykjavík, 24. nóvember 2021

Stjórn LÍFSVERKS lífeyrissjóðs

Björn Ágúst Björnsson, formaður

Eva Hlín Dereksdóttir, varaformaður

Agnar Kofoed-Hansen, meðstjórnandi

Margrét Arnardóttir, meðstjórnandi

Þorbergur Steinn Leifsson, meðstjórnandi
